

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Þórunni Sveinbjarnardóttur um móttöku flóttafólks.

1. *Hafa verið gerðir samningar við sveitarfélög á síðastliðnum tveimur mánuðum um móttöku flóttafólks? Ef svo er, við hvaða sveitarfélög?*

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ber ábyrgð á þrenns konar samningum við sveitarfélög þegar kemur að móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks.

Í fyrsta lagi eru það samningar við þrjú sveitarfélög hvað varðar búsetu og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Slíkir samningar, sem upphaflega voru gerðir af Útlendingastofnun, eru nú á ábyrgð ráðuneytisins. Þau þrjú sveitarfélög sem um ræðir eru Reykjanesbær (samningur dags. 13.1.2014), Hafnarfjarðarkaupstaður (samningur dags. 7.4.2020) og Reykjavíkurborg (samningur dags. 1.4.2021).

Í öðru lagi eru það samningar um samræmda móttöku flóttafólks sem runnu út 31. mars í vetur. Um var að ræða reynsluverkefni sem gefið hefur góða raun og fyrirhugað er að verði fram haldið eftir endurskoðun á samningunum. Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna nú að gerð nýrra samninga og er ráðgert að þeirri vinnu ljúki á allra næstu vikum. Markmiðið er að útbúa rammasamninga sem geti náð til allra sveitarfélaga sem vilja taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks. Vegna aukningar á verndarumsóknum, einkum vegna stríðsátaka í Úkraínu, var brugðið á það ráð að óska formlega eftir fleiri sveitarfélögum til að taka þátt í móttöku flóttafólks. Fjöldi sveitarfélaga hefur nú þegar lýst yfir áhuga sínum á að koma inn í verkefnið.

Í þriðja lagi eru það samningar um tímabundin búsetuúrræði sem gerðir hafa verið við sveitarfélögin Borgarbyggð og Reykjavíkurborg. Um er að ræða nýtt úrræði sem sérstaklega var komið á fót vegna yfirálags á landamærunum, einkum vegna komu flóttafólks frá Úkraínu. Úrræðið er hugsað sem tímabundin búseta viðkomandi til allt að þriggja mánaða á meðan unnið er að sjálfstæðri búsetu. Sveitarfélögin taka, samkvæmt samningi, að sér þjónustu við fólkið samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og veita þeim stuðning við að taka fyrstu skrefin hér á landi. Unnið er að lokayfirlestri á samningum við fyrrnefnd sveitarfélög og byggjast þeir á greiðslu daggjalda fyrir þjónustuna. Gert er ráð fyrir að samningar verði undirritaðir nú í maí. Auk þess má gera ráð fyrir að fleiri slíkir samningar verði gerðir á næstunni og hafa þrjú sveitarfélög til viðbótar þegar lýst yfir vilja til að sjá um slík úrræði.

2. *Hefur verið tekin ákvörðun um það hvaða aðili eða stofnun taki við þjónustuhlutverki Útlendingastofnunar við umsækjendur um alþjóðlega vernd eftir 1. júlí nk.?*

Með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, var félags- og vinnumarkaðsráðuneyti falið að fara með málefni þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. 27. og 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, sbr. g-lið 2. tölul. 3. gr. úrskurðarins. Vegna tilfærslunnar var talið nauðsynlegt að breyta nokkrum ákvæðum laga um útlendinga til að tryggja félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, og stjórnvaldi

Því sem ráðuneytið kann að fela framkvæmd þess að veita umrædda þjónustu, fullnægjandi lagaheimildir. Frumvarp þess efnis hefur verið lagt fram á Alþingi. Til að tryggja að ekki yrði rof á þjónustunni á yfirfærslutímabili var gerður tímabundinn samningur við Útlendingastofnun um að stofnunin héldi áfram óbreyttri þjónustu til 30. júní 2022.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti vinnur nú að því að greina þau verkefni sem heyra undir ráðuneytið og falla undir málaflokka er snerta innflytjendur og flóttafólk. Úttekt á ólíkum verkefnum, samtal við hagaðila og tillögur að framtíðarfyrirkomulagi eru í vinnslu hjá ráðgjafarfyrtæki sem sérhæfir sig m.a. á sviði stefnumótunar. Á undanförunum mánuðum hafa ráðgjafar fyrtækisins hitt helstu hagaðila í þeim verkefnum sem falla hér undir með það að markmiði að greina styrkleika, veikleika og tækifæri innan málaflokksins. Þess er að vænta að tillögum verði skilað til ráðuneytisins á allra næstu dögum. Á grundvelli þeirra tillagna mun fara fram frekari stefnumótun innan ráðuneytisins við að ákveða hvaða stofnun eða aðili taki við þjónustuhlutverki Útlendingastofnunar við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá 1. júlí 2022. Tryggt verður af hálfu ráðuneytisins að sú þjónusta sem Útlendingastofnun sinnir nú samkvæmt verksamningi við ráðuneytið og snýr að þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd verði órofin.